



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## RÍKISHEIMSÓKNIR TIL NOREGS OG SVÍÞJÓÐAR

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, hefur þegið boð um ríkisheimsóknir til Noregs og Svíþjóðar í vor. Markmið beggja heimsókna er að styrkja enn frekar söguleg tengsl þjóðanna og vinna að sameiginlegum hagsmunum. Hefð er fyrir því að norrænir þjóðhöfðingjar fari sínar fyrstu ríkisheimsóknir eftir embættistöku milli Norðurlanda enda náíð samstarf meðal þjóðanna.

Haraldur Noregskonungur og Sonja drottning bjóða forsetahjónum til heimsóknar dagana 8.–10. apríl og verður farið bæði til Óslóar og til Þrándheims, en Hákon krónprins fylgir forsetahjónum þangað. Í Noregi verður horft til sameiginlegrar menningarsögu þjóðanna með áherslu á bókmenntir. Auk þess verða skoðuð tækifæri til aukins samstarfs bæði í græna hagkerfinu og bláa hagkerfinu, þ.e. á sviði orkumála og sjávarútvegs. Öryggis- og varnarmál verða til umræðu en einnig verður lögð áhersla á leiðir til að stuðla að bættri andlegri heilsu í samfélaginu.

Karl XVI. Gústaf Svíakonungur og Silvía drottning bjóða forsetahjónum til Stokkhólms dagana 6.–8. maí. Í heimsókninni verða meðal annars skoðuð tækifæri til frekara samstarfs á sviði líftækni og heilbrigðisþjónustu. Þá verður litið til þess að dýpka samskipti Íslands og Svíþjóðar á sviði skapandi greina með áherslu á sjónvarps- og kvikmyndagerð. Öryggis- og varnarmál verða einnig til umræðu, einkum með hliðsjón af nýlegri aðild Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu og viðnámsþoli þjóðanna andspænis fjölpáttaógnum.

Forsetahjónum fylgir opinber sendinefnd en auk þess verða með í för viðskiptasendinefndir á vegum Íslandsstofu. Nánar verður greint frá dagskrá heimsóknanna þegar nær dregur.

19. mars 2025

*Fjölmiðlum er vinsamlegast bent á að skráningarfrestur vegna aðgangs að þeim dagskrárliðum heimsóknanna sem opnir eru fjölmiðlum er til mánudagsins 31. mars vegna Noregs og föstudagsins 25. apríl vegna Svíþjóðar.*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérstakur ráðgjafi forseta Íslands (895 8885).*